

1873.

3. júl.

53. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum.

Með bréfi 17. apríl þ. á. hafði þér, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá með fylgiskjölum, þar sem kaupmaður O. P. Möller í Reykjavík hefir sókt um, að fá borgaða aptur 12 rd. 16 sk, sem hann þykist hafa greidt um of í toll af vínföngum nokkrum, sem hann átti og fluttust til Reykjavíkur með skipinu *Nancy*, en þegar þau voru flutt í land, var tekið eptir að 146 potta vantaði uppá það, sem tilfært var í tollskránni; hafði þér jafnframt bæði stungið uppá, að það verði veitt, sem sókt er um, og að settar verði almennar reglur, sem þér skýrið nákvæmar frá, um að lögreglustjórar skuli sjálfir úrskurða slík mál.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það, að það, sem Möller kaupmaður hefir sókt um, verður eigi veitt, samkvæmt úrskurði dómsmálastjórnarinnar, 15. marz þ. á., sem birtur var yður sem þáveranda stiptamtanni 25. s. m., og að stjórnarráðið hefir ekki fundið ástæðu til, að breyta þeim reglum, sem þar eru settar.

3. júl.

54. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um fangelsi á Vestmannaeyjum.

Eptir að dómsmálastjórnin í bréfi, dagsettu 6. nóvbrm. f. á., hafði gjört ýmsar athugasemdir við áætlun nokkra, sem komin var frá stiptamtinu, um að koma upp fangelsi á Vestmannaeyjum, með því að kaupa nokkurn part af þinghúsinu þar og búa til úr honum fangelsi, hefir stiptamtið með bréfi 31. marz þ. á. sent tvær nýjar áætlanir, sem sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum hefir útvegað, frá íslenskum húsasmið Sveini nokkrum Sveinsyni; fer önnur áætlunin fram á eins og hin, sem getið er að framan, að koma fangelsinu fyrir í fyrnefndum parti þinghússins,

1873

3. júlí

en þær breytingar eru gjörðar, að komizt er hjá helztu göllumum, sem áður voru, og er ætlazt til að kostnaðurinn verði 498 rd.; í hinni áætluninni er gjört ráð fyrir að byggja upp nýtt hús fyrir 637 rd. 32 sk. Um áætlanir þessar er þess getið í fyrnefndu bræfi stiptamtsins, að hús það, sem yrði byggt fyrir síðar nefnda upphæð, mundi verða mjög ótraust, en hús úr plönkum mundi að öllum líkindum verða tvöfalt dýrara, og er því ráðið til, að farið verði eptir fyrri áætluninni.

Með því stjórnarráðið eptir málavöxtum verður að álíta, að ástæða sé til að fallast á þá áætlun, þar sem gjört er ráð fyrir að koma fangelsinu fyrir í þinghúsinu, eins og hún nú er gjörð, veitum vèr yður, herra landshöfðingi, vald til að kaupa fyrir hönd jafnaðarsjóðsins þann þarf af þinghúsinu, sem þörf er á, fyrir kaupverð eptir mati óvilhallra manna, en þó má eigi gefa meira en 100 rd. fyrir þann þarf, sem í upphafi var gjört ráð fyrir að kaupa, og sem var 6¹/₂ alin á lengd og 6¹/₂ alin á breidd, og að tiltölu meira, eptir því sem þarf að kaupa stærri þarf af húsinu eptir hinni nýju áætlun; jafnframt þessu veitum vèr yður myndugleika til, að fela fyrnefndum Sveini Sveinssyni fangelsisgjörðina á hendur fyrir tiltekið verð, eptir áætlun þeirri og uppdrætti, sem vèr sendum yður aptur með bræfi þessu, og skal þess getið, að það fè, sem með þarf til þessa og til byggingar fangelsa annarstaðar en í Reykjavík, mun verða tekið til í næstu fjárhagsáætlun, og talið sem lán úr landssjóðnum handa þeim jafnaðarsjóðum, sem í hlut eiga

55. Bréf dómsmalastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um embættisstjórn í forföllum hans.

4. júlí.

Í bræfi, dagsettu 31. maí þ. á., hafði þér, herra landshöfðingi, skýrt frá, að þér samkvæmt tilskipun 27. septbr. 1799, 10. gr. hafði orðið að höfða þrjú mál á móti Jóni Ólafssyni, útgefanda blaðsins „Göngu Hrólfs“, sem kemur út í Reykjavík,